

Stjórnarfundur UMSB
4.11.2014 – kl. 20.00
Skrifstofa UMSB, Borgarnesi

Mætt: Kristín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Pálmi Blængsson, Sigurður Guðmundsson, Þórhildur María Kristinsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson og Aðalsteinn Símonarson.

1. Formaður setur fundinn

Sigurður Guðmundsson sambandsstjóri setur fundinn. Sigurður Guðmundsson nýr starfsmaður boðinn velkominn.

2. Formaður ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Samþykkt.

3. Verkefni í gangi

- Íþróttá og tómstundaskólinn.

Sigurður Guðmundsson, segir okkur frá gangi mála og þær viðræður sem eru í gangi um þessi mál svo sem, Íþróttafélög, skólastjórnendur, leiklistarfélag og önnur félög. Á morgun 5.nóv er áætlað að búið verði að funda með öllum. Vinna að handbók sem ætluð er foreldrum til upplýsinga um hvað er í boði og hvernig skólinn mun starfa er í vinnslu. Gjaldskrá verður látin fylgja með upplýsingum. Eftir því sem fleiri smiðjur verða í boði því ódýrara verður þetta eða ef hægt verður að nýta hæfileika starfsmanna. Reyna að hafa keypta þjónustu í lágmarki.t.d. skátar, leiklist. Reikna á út hvað hvert skipti kostar á mánuði.

- Tjaldsvæði fyrir ULM 2016.

Sigurður sambandsstjóri hefur farið yfir svör sem sveitafélagið gaf UMSB varðandi fyrirhugað tjaldstæði á Kárastöðum, með Kolfinnu sveitarstjóra. Sigurður kom með hugmynd um að mögulega væri hægt að nýta þau grænu svæði sem eru til staðar í sveitarfélaginu. Önnur hugmynd er að hafa samband við Landbúnaðarháskóla Íslands og athuga samstarf við þá um skipulagningu á framtíðar tjaldsvæði á Kárastöðum.

Bókun: Þórhildur ætlar að hafa samband við Lbhí. Sigurður ætlar að athuga með grænu svæðin.

- Vinnufundur með Viðari frá ÍSÍ vegna fyrirmyndarfélags.

Pálmi segir okkur frá formannafundi. Fólk hefur áhuga á því að fá vinnufund um þessi mál til að hjálpa fólki að komast af stað.

- Húsnæði UMSB og íþróttá og tómstundaskólans.

Pálmi segir okkur frá fundi sem hann og Sigurður sambandsstjóri fóru á með Kolfinnu og Kristjáni Finni um húsnæðismál og hvað er hægt að gera og hvað

er í boði. Hugmynd um að nota 20 feta gáma sem staðsettir eru við íþróttavöll til afnota fyrir tómstundarhús.

- Skyndihjálpanámskeið fyrir þjálfara aðildarfélaganna.
Hugmynd um að halda skyndihjálpanámskeið fyrir alla þjálfara hjá íþróttafélögum og jafnvel starfsmenn íþróttá og tómstundaskólans.
- Fjárhagsáætlun.
Pálmi segir okkur frá vinnu við fjárhagsáætlun. Reyna að auðvelda kerfið svo hægt sé að fylgjast betur með í hverjum mánuði.
- Skallagrímsvöllur, samningur við GB.
Uppnám er komið um umhirðu vallarins. Við erum með heilsárs samning um umhirðu og vallarstjórn við GB og þurfum að segja honum upp fyrir áramót ef það á að gerast.
Bókun: Boða þarf GB á fund um þessi mál. Þarf að vera komið á hreint fyrir næsta fund 2. Des.

4. Óvirk félög innan UMSB

Nokkur félög eru óvirk innan sambandsins. Umræða tekin um hvað skal gera, þar sem félögin skapa skuld í kerfinu hjá UMSB. Förum eftir lögum og setjum félögin undir óvirk félög og borga þá ekki félagsgjöld. Skoða þarf lögina á næsta sambands þingi og ákveða hvernig best er að framkvæma þetta..

5. Bráðabirgðasamningar við Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp v. Íþróttamanns ársins

Búið er að senda drög af samning á sveitafélögin, komið er svar frá Skorradalshrepp og eru svör jákvæð og biðja þeir um betri útfærslu. Nauðsynlegt er að koma á hreint einhverju samkomulagi um kjör á íþróttamanni ársins. Samstarf við Hvalfjarðarsveit komið aðeins styttra, en að þeir verði gjaldgengir fyrir íþróttamann og afreksmanna sjóð.

6. Önnur mál.

Hugmynd um að fá fund með Kolfinnu til að kynna henni og hennar áherslum. Passa upp á að halda samningnum vel á lofti.

Pálmi segir okkur að Golfklúbburinn Glanni hafi óskað eftir að UMSB komi á fundi með þeim og Kolfinnu. Pálmi og Sigurður sambandsstjóri fara á fund með Glanna og kynna samninga UMSB og Borgarbyggðar fyrir henni í leiðinni.

Bókun: Bjóða Ásthildi fræðslustjóra og Kolfinnu sveitarstjóra á næsta stjórnarfund 2. desember.

Auglýsingar á galla, þurfum að búa til reglur um auglýsingar á gallana, að ekki sé hægt að eitthvað eitt félag geti fengið fyrirtæki til að kaupa galla og fylla þá auglýsingum.

Bókun: Pálmi setur saman drög að reglum um auglýsingar. á búningum

Sigurður Guðmundsson, segir okkur frá auglýsingu frá æskulýðsvettvangnum um ráðstefnu fyrir ungmenni á aldrinum 15-30 ára til að koma sínum skoðunum á framfæri við forsvarsfólk sveitarfélagsins, þetta verður 24.nóv. í ca. 2 tíma.

Bókun: Sigurður athugar hvort áhugi sé fyrir hendi og hvort fólk finnist í þetta.

Rætt var um fyrir komulag á vali á íþróttamanni ársins og hvernig sé best að standa að því. Mestu máli skiptir að hafa það einfalt og eins yfir öll aðildarfélög.

Bókun: senda á félögin áminningu um tilnefningar til íþróttamanns ársins.

7. Næsti stjórnarfundur.

2. desember kl. 20 í Reykholti samkv. dagatali.

Fundagerð ritaði
Þórhildur María Kristinsdóttir